

## Tillaga að breytingu á samþykktum Sorpurðunar Vesturlands

Stjórn Sorpurðunar Vesturlands samþykkti samhljóða á fundi sínum 23.02 2018 að leggja til að gerðar verði breytingar á 21. gr. samþykktu félagsins á aðalfundi þess, en fundurinn fer fram 19 mars 2018.

Greinin er svohljóðandi í dag:

*Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafélag og einn skoðunarmann, til tveggja ára í senn. Þeir mega ekki hafa unnið við gerð reikninga félagsins og ekki vera stjórnar- eða starfsmenn þess.*

*Endurskoðandi og skoðunarmaður skulu fara yfir allt reikningshald og alla reikninga félagsins og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum þess og skjölum. Endurskoðandi og skoðunarmaður skulu hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en tveim vikum fyrir aðalfund. Ber þeim þá að senda hann til stjórnar með athugasemdum sínum. Stjórn skal semja svör við athugasemdum endurskoðanda og skoðunarmanns og skulu þau svör, ásamt athugasemdum endurskoðanda og skoðunarmanns liggja frammi fyrir hluthafa, ásamt ársreikningi að minnsta kosti 7 dögum fyrir aðalfund.*

Stjórn leggur til að hlutverk skoðunarmanns verði fellt úr samþykktum og því hljóðar ný tillaga að 21.gr. samþykktu Sorpurðunar Vesturlands svo eftir breytingar:

*Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafélag, til tveggja ára í senn. Endurskoðandi má ekki hafa unnið við gerð reikninga félagsins og ekki vera stjórnar- eða starfsmaður þess.*

*Endurskoðandi skal fara yfir allt reikningshald og alla reikninga félagsins og er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum þess og skjölum. Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Ber honum þá að senda hann til stjórnar með athugasemdum sínum. Stjórn skal semja svör við athugasemdum endurskoðanda og skulu þau svör, ásamt athugasemdum endurskoðanda liggja frammi fyrir hluthafa, ásamt ársreikningi að minnsta kosti 7 dögum fyrir aðalfund.*